
Dysjar, leiði og haugar.

Fornleifaathuganir í Saurbæ í Dölum 2007 og 2011



Adolf Friðriksson



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2011

FS473-07291

©2011
Fornleifastofnun Íslands
Institute of Archaeology
Bárugötu 3
IS-101 Reykjavík

Sími/Tel: 00354 551 1033
Fax: 00 354 551 1047
Netfang/E-Mail: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Kápmmynd: Dys í landi Stóra-Múla í Saurbæ.

Efni:

1. kafli Inngangur	4
2. Kafli Leitað að kumlum járnaldar	5
Markmið og aðferðir.....	7
3. Kafli Kuml, haugar, dysjar og leiði	8
Fagridalur innri: Kuml	10
Tjaldanes: Filippía	11
Tjaldanes: Dys	11
Tjaldanes: Orrustuhólmi	12
Bjarnastaðir: Leiði Sléttu-Bjarnar	12
Neðri Múli: Prestspúfa	13
Neðri Múli: Dys.....	13
Belgsdalur: Mannabeinafundur	14
Bessatunga: Bersareitur	15
Neðri Brekka: Skipból	15
Máskelda: Leiði	15
Efri Brunná: Feðgagjóta	15
Stóra Holt: Holtatangi.....	16
Kleifar: Dys	16
4. Kafli Niðurstöður.....	17
Heimildir	18

1. kafli Inngangur


Árin 2007 og 2011 voru gerðar rannsóknir á meintum legstöðum frá heiðni í Dalasýslu. Tilgangur rannsókna var að gera kerfisbundna leit að kumlum í héraðinu. Leitaraðferðin byggist á nýrri þekkingu um staðsetningu kumla á Íslandi annarsvegar og hinsvegar var stuðst við aðrar vísbendingar á borð við mannabeinafundi, lausafundi (forngrípir), örnefni, fornsögur eða sagnir.

Vinnan við verkið var einkum fólgin í leit að vísbendingum í rituðum heimildum og vettvangsrannsókn. Farnar voru nokkrar ferðir á vettvang í júní, júlí og ágúst árið 2007 og ágúst og september 2011.

Afrakstur rannsókna er birtur í þessari skýrslu. Í næsta kafla er fjallað um markmið og aðferðir verkefnisins og fræðilegt samhengi. Í kafla 3 er birt skrá yfir þá minjastaði sem fundust við athuganirnar og í lokakafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Umsjónarmaður verkefnisins var Adolf Friðriksson. Aðrir þátttakendur voru: Garðar Guðmundsson, Guðrún A. Gísladóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred, Oddgeir Hansson, Howell M. Roberts, Sigrún Garðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir.

Fornleifasjóður veitti styrk fyrir rannsóknum árið 2007 og Alþingi styrkti Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna til áframhaldandi athugana sumarið 2011. Er Fornleifasjóði, Alþingi og Fornleifafélaginu hér með færðar þakkir fyrir stuðning við verkefnið sem og þeim bændum og heimafólki í Dölum sem veittu okkur margvíslega aðstoð á vettvangi.



Mynd 1. Dreifing þekktra kumlfunda á Íslandi

2. Kafli Leitað að kumlum járnaldar

Þekking á járnaldarsamfélögum er að mestu fengin úr fornleifauppgrefti, einkum á búsetuminjum og fornum grafreitum. Erlendis hefur grundvöllur forsögulegra rannsókna ávallt verið grafir og haugfé, enda er greftrunarumbúnaður, líkamsleifar fólks og gripirnir úr gröfunum einskonar endurspeglun á samfélagi hvers tíma. Meðferð þessara heimilda til rannsókna á fornum samfélögum er þó vandasöm og mikilvægt að heimildasafnið, þ.e. fornleifarnar sjálfar, sé traust. Töluverð áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á forna samfélagsgerð og þróun hennar í alþjóðlegum fornleifarannsóknum s.l. 50 ár eða svo, en á Íslandi hefur það ekki verið svo. Fræðimenn hafa einkum reitt sig á ritaðar heimildir frá miðöldum sem lýsa samfélagi hér á landi á járnöld. Auk þess er íslenska “kumlatalið” fremur lítið, eða um 300 grafir sem fundist hafa á 160 stöðum. Meirihluti þessara kumla hefur fundist af tiljviljun við framkvæmdir eða vegna jarðvegseyðingar og því orðið fyrir verulegu hnjaski

sem rýrir mjög heimildagildi þeirra. Segja má með íslensku kumlin standi tæpast undir samfélagslýsingu eða tilraunum til sérstakrar greiningar á tilteknum þáttum t.a.m. á borð við félagslega stöðu, eða þróun landnámsbyggðar. Rannsóknir eða athuganir á heiðnum greftrunarsið á Íslandi hófst um 1880, og fólust í fyrstu í staðfræðirannsóknum á meintum haugum sem hluta af sögusviði fornsagna, og síðar einkum í lýsingu á gerð kumla og gripa úr gröfum. Meiriháttar breyting varð á er Kristján Eldjárn hóf rannsóknir á kumlum um 1941. Rannsóknir hans snerust ekki aðeins um að lýsa gripum og gröfum, heldur beitti hann strangri fornleifafræðilegri heimildarýni til að vinsa úr ýmsa óskilgreinanlega fornleifafundi sem slæðst höfðu með í kumlafræðum, og útbjó vandaða skrá yfir öll þekkt kuml á Íslandi. Kristján hafnaði þeirri gömlu hefð að reyna að nafngreina einstaklinga úr kumlum með sögulegri tilvísun, og notaði sjálft gagnasafnið – gripir og grafir - til að svara tilteknum rannsóknarspurningum, s.s. um uppruna landnámsmanna, og tímasetningu landnáms og kristnitöku. Gögnin og ályktanir hans voru stofninn í doktorsritgerð, *Kuml og haugfé*, sem lögð var fram til varnar við HÍ árið 1956.

Frá 1956 lágu kumlarannsóknir að mestu niðri fram til loka 20. aldar, ef frá eru taldir tilfallandi kumlfundir sem í ljós komu við vegagerð, túnrækt og uppblástur á árunum 1956-1996. Skýrslur um flesta þessa fundi hafa verið gefnar út. Þær takmarkast við að lýsa fundaratvikum en fela ekki í sér nýjar rannsóknarhugmyndir eða stefnu.¹

Í tilefni af því að dr. Kristján Eldjárn hefði orðið áttæður þ. 16. desember 1996 ákvað ríkisstjórn Íslands að veita fé til undirbúnings að endurútgáfu á doktorsritgerð hans um kuml og haugfé, kr. 2.500 þús. Undirritaður var fenginn til verksins, og var síðar (1998) skipaður af menntamálaráðherra til að gegna rannsóknarstöðu helgaða nafni Kristjáns í 2 ár. Verkinu lauk árið 2000 og var ritið þá gefið út². Nýja útgáfan felur í sér heildarendurskoðun á verki Kristjáns, þar sem aukið var nýjum kumlfundum og skyldu efni frá 1956-2000. Ritgerð Kristjáns var fyrst og fremst rannsókn á haugfé, en ekki greftrunarstöðum, og var ritstjórnarstefnu fylgt í anda rannsóknaráhuga Kristjáns og ekki stigið út fyrir ramma eldri gerðar bókarinnar.

Þessi ritstjórnarvinna fæddi af sér ýmsar hugmyndir að nýjum rannsóknum á íslenskum kumlum. Ein þeirra var sú að gera rannsókn á staðsetningu kumla. Rannís veitti undirrituðum styrk til verkefnisins árin 2001-2002. Árangurinn varð góður: Farið var í vettvangsferðir í alla landsfjórðunga, og öll þekkt og staðsetjanleg kuml skráð á vettvangi. Kristján Eldjárn hafði

¹ Eftir Kristján liggur samantekt um kumlfræði frá árinu 1974, og er hún samhljóða niðurstöðum hans frá 1956, sjá: Kristján Eldjárn (1974), *Fornþjóð og minjar. Saga Íslands I*, Rv, s. 99-152.

² Kristján Eldjárn (2000) *Kuml og haugfé. Ritstj. Adolf Friðriksson*, Rv. Mál og menning, Fornleifastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands.

talið að engin sérstök regla væri á staðsetningu kumla, heldur hafi jafnan verið valinn einhver þurr og þokkalegur staður skammt frá bæ. Skráningin 2001-2002 gat af sér einfalda og skýra niðurstöðu: greftrunarstaðir í heiðni voru valdir eftir ákveðnum reglum, þ.e. kuml eru ýmist skammt frá bæ (100-300 m) eða út við ystu mörk bújarðarinnar og þar við fornar leiðir. Kuml við leiðir og merki eru langtum algengasta staðsetningin.³ Auk þess er töluverður munur á þessum tveim hópum kumla. Nærkumlin eru fá, kumlateigarnir litlir (1-3 grafir), haugfé lítið (1-6 gripir) og fábrotið (um 30 gripategundir). Hinsvegar eru fjarkumlin langtum fleiri, grafreitirnir stærri (3-14 grafir), haugfé ríkulegra (6-24 gripir) og fjölbreyttara (um 70 gripategundir).

Freistandi er að skýra þennan mun á þann hátt að nærkumlin séu grafir hins frumstæða landnámssamfélags, en fjarkumlin séu frá þeim tíma, er landnemunum fjölgar, þekking þeirra á landinu vex og hagur vænkast og sú þróun kalli á nákvæmari skilgreiningu á eignarhaldi og nýtingarrétti, og hefðir taka við af landkönnun og tilraunum, viðurkenndar eða heppilegar ferðaleiðir verða til o.svfr.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu var sett saman líkan um staðfræði kumla. Árin 2003-2006 veitti Kristnihátíðarsjóður styrk til að prófa líkanið með uppgrefti á fáeinum, völdum stöðum á Vestfjörðum, í Eyjafirði, og S- og N-Þingeyjarsýslu. Kumla var leitað með uppgrefti á eftirfarandi stöðum: Saltvík í Aðaldal, Hrísheimum í Mývatnssveit, Brjánslæg á Barðaströnd, Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, Lyngbrekku í Reykjadal, Litlu-Núpum í Aðaldal, Kálfskinni í Eyjafirði, Magnavík í Núpasveit, Skáldstöðum í Berufirði, Syðri-Bakka á Árskógsströnd og í Hringisdal í Arnarfirði.⁴ Árangurinn af þessum rannsóknum varð góður, og hafa nú fundist 10 grafir til viðbótar. Í þessu samhengi er rétt að nefna að áður óþekktur kumlastaður hafði til þessa aldrei fundist við rannsókn, heldur ávallt fyrir tilviljun!

Markmið og aðferðir

Markmið rannsókna í Dölum 2007-2011 var að nýta nýja þekkingu á staðfræði grafreita úr heiðni til að hefja kerfisbundna leit að fornleifafræðilegum vitnisburði um íslenska járnaldarsamfélagið. Tilgangur verksins var að finna áður óþekkt kuml í einu kumlfátækasta

³ Sjá: Adolf Friðriksson (2004), Haugar og heiðni: minjar un íslenskt járnaldarsamfélag. *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Rv., s. 56-63; Adolf Friðriksson (2004), The Topography of Iron-age Burials in Iceland. *Current issues in Nordic Archaeology. The Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists, 6-9 September 2001, Akureyri, Iceland*. Rv. s. 15-16.


⁴ Sbr. Adolf Friðriksson (2004) *Burial Topography and Society in Late Iron-Age Iceland*, Dynamics of Northern Societies. Joint NABO and SILA Arctic Centre Conference in Copenhagen, 10-14th May 2004; Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Thomas H. McGovern & Colleen A. Batey (2005) *Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu*, Rv.; Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (2005) *Kuml á Daðastaðaleiti, hjá Lyngbrekku í Reykjadal*, Fsí, FS272-03265, Rv.; Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (2005) *Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004*, Fsí, FS271-03264, Rv.

héraði landsins og glíma við nokkrar spurningar: Hversvegna eru fá kuml í Dölum, en mörg t.a.m. í Eyjafirði? Hvar eru kuml Dalamanna hinna fornu? Ef kuml finnast, má spyrja: Hver eru sérkenni kumla í Dalasýslu og á vestanverðu landinu? Skiptast þau í “fjarkuml” og “nærkuml” líkt og í öðrum landshlutum? Er unnt að greina meginrætti í samfélagsgerð járnaldar í ljósi nýrra kumlfunda?

Við verkefnið var beitt hefðbundnum aðferðum líkt og við fornleifaskráningu. Við leit og undirbúning að rannsókn á hverjum stað var fyrst unnin skráning og rannsóknir á heimildum um staðinn, þ.e. örnefnaskrár, landamerkjaskrár, túnakort frá 1920, herforingjaráðskort frá 1907, jarðabækur og aðrar byggðasögulegar heimildir. Síðan var farið á vettvang og valdir staðir skoðaðir í ljósi fyrirbyggjandi vísbendinga, s.s. ritheimildir, örnefni eða mannabeinafundir. Nánar er greint frá árangrinum í næsta kafla.

3. Kafli Kuml, haugar, dysjar og leiði

Almenn fornleifaskráning hefur ekki verið gerð í Dölum, en með hliðsjón af skráningu í öðrum byggðum má ætla að heildarfjöldi fornleifa sé a.m.k. um 5.500. Eftir að farið hafði verið í gegnum þau gögn sem líklegust voru til að veita vísbendingar um forna legstaði var tekin saman skrá, með stuttri lýsingu á legu og gerð hvers staðar. Fylgir sú skrá hér með og hefst hún vestast í Dalabyggð, þ.e.a.s. í Skógarstrandarhreppi og gengur rangsælis til austurs og norðurs og endar í Saurbæjarhreppi. Í skránni er hverjum bæ gefið númer (samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847) og hver fornleif hefur kennitölu sem samanstendur af tölu jarðarinnar og minjastaðarins. Þegar þessi orð eru rituð hafa 25 staðir af 75 verið athugaðir á vettvangi. Í þeim tilfellum þar sem vettvangsathugun hefur farið fram er nýjum upplýsingum bætt aftan við lýsingu á hverjum minjastað.



Mynd 2. Kortið sýnir dreifingu staða í Dalasýslu sem a) heita “Haugur”, “Dys”, “-leiði”, b) þar sem sagnir vísa á greftrun, eða c) þar sem bein og/eða hafa fundist í uppblæstri eða öðru jarðraski.



Mynd 3. Kumlateigur á Fagradalseyri.

Fagridalur innri DA-171:015 kuml

Fagradalseyri er niður við sjó, framundan bænum og innan við ós Fagradalsár. Þar hafa verið nefndar dysjar, m.a. í Gull-Þóris sögu og Landnámu og í héraðslýsingum frá seinni tímum. Sigurður Vigfússon taldi fjórar dysjar og gróf í eina þeirra. Fann hann svarta og fitukennda mold með ryð og beinögnum. Eini gripurinn sem fannst var bronsdoppa með upphleyptu hnútuverki. Kristján Eldjárn taldi staðinn til kumla í doktorsritgerð sinni, Kuml og haugfé. Á sjávarbakkanum sjást þrjár haugar með dokk í miðju. Þessi staður er mjög líkega kumlateigur úr heiðni. Gera mætti frekari rannsóknir á staðnum, bæði á útgröfnu haugunum og nágrenni þeirra, enda gætu þar leynst fleiri garfir.

Heimildir: Páll Gunnarsson, fornleifaskýrsla 1817, FF II, 387; K. Kålund, *Isl. beskr.* I, bls. 495; Sigurður Vigfússon, *Árbók* 1882, s. 63-64. Um kumlin í fornsögunum sjá *Landnámabók*, ÍF I, S120, H92, s. 160, *Gull-Þóris saga*, 15. k., ÍF XIII; Ö-Fagridalur innri,2; SV, 64. KEKH 2000, ÍF XIII, 213, formáli 17.

Tjaldanes DA-172:022 *Filippía*

"Fyrir utan, eins og það er sagt, eða bak við bæinn, heitir Bakhluti, en næst bæ og næst Miðvelli heitir Filippíuvöllur, og dregur hann nafn af steini, sem í honum er og heitir Filippía; undir þeim steini á að liggja maður," segir í örnefnaskrá. Steinninn er í túni og samræmist ekki lýsingu á heiðnum greftrunarstað.

Heimildir: Ö-Tjaldanes, 4.



Mynd 4. Klapparhóll og ásetuþúfa með vörðubroti á Píngeyri í landi Tjaldaness.

Tjaldanes DA-172:033 *dys*

Í sóknalýsingu C. Magnusen 1842 segir: "Það eina veit eg þar umgetið af fornleifum: að á áðurumgetinni Píngeyri innantil við Deildina eru tvö dys, sést þar og fyrir búðatóftum. " Dysjar fundust ekki á Píngeyri, en hún er utarlega í landi Tjaldaness og má vera að leiðin hafi legið þar á láglandinu fyrrum.

Heimildir: Dalasýsla 2003: 1842. C. Magnusen: Staðarhóls- og Hvolssóknir, eður Saurbæjarþing í Dalasýslu, bls. 181.



Mynd 5. Orrustuhólmi í Saurbæ

Tjaldanes DA-172:034 Orrustuhólmi

Í sóknalýsingu C. Magnusen 1842 segir: "Við fyrrnefnda Ósa, innan Tjaldanes er Orrustuhólmi. Þar eru dys mörg, sem votta að þar hafi forðum mannfall orðið." Hólmurinn er fyrir margra hluta sakir óvenjulegur. Hann er á merkjum nokkurra jarða, en þar fundust engar dysjaleifar við vettvangsathugun.

Heimildir: Dalasýsla 2003: 1842. C. Magnusen: Staðarhóls- og Hvolssóknir, eður Saurbæjarþing í Dalasýslu, bls. 181.

Bjarnastaðir DA-175:010 leiði Sléttu-Bjarnar

"Skammt fyrir ofan túnið er kletthjalli, sem heitir Bjarnastaða-Kast. Á há-Kastinu er mannvirki, þannig að hlaðin er úr grjóti þúst nokkur, og er laut í hana miðja. Ummál þessara þústa er ca 30 m. Gamlar sagnir telja þetta vera leiði Sléttu-Bjarna[r]," segir í örnefnalýsingu. Bjarnastaða-Kast er áberandi klettabunga sem liggur ofan túna hjá Kverngrjóti og Bjarnastöðum. Þústin er um 350 m í vestur frá bænum. Er hún líklega náttúrumyndun, en má vera að reynt hafi verið að grafa í koll hennar. Ekki er kunnugt um stóra hauga á Íslandi, þeir stærstu eru um 5 m í þvermál og 1 m háir.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1.

Neðri (Stóri) Múli DA-185:015 Prestspúfa

"Milli Dauðavaðseyrarinnar og Kirkjuhóls sem er á merkjum, er farið yfir austustu tjörnina á Oddanum en hún er nafnlaus. Er línun um háhólinn austan við kirkjuna. Svo er þar ofar í flóanum Prestspúfa sem sumir segja að sé komin í veginn. Þar á prestur að hafa orðið úti," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Prestspúfa: Vestan við veg ef farið er frá Hólnum [hvaða hól?] að Þurranesi. Samkvæmt mælingum fyrir vegi átti vegur að lenda í Prestspúfu en var látinn fara framhjá henni." "Prestspúfa heitir þúfa ein, sem er á milli Þurraness og Kirkjuhóls [014]," segir í örnefnaskrá Þurraness. Þúfan er horfin undir veg, en er á merkjum og við leið milli bæja.

Heimildir: Ö-Stóri-Múli,1; Ö-Stóri-Múli ath. og viðb.II,1; Ö-Þurraness,1.

Neðri (Stóri) Múli DA-185:022 Dys

Grjótdys er í gróinni brekku ofan vegar, um 200 í SV frá Stóra-Múlubæ. Talin geta verið legstaður, en líkist náttúrulegri dys.



Mynd 6. Náttúruleg grjótdys í landi Stóra-Múla í Saurbæ.



Mynd 7. Frá Belgsdal. Myndin er tekin í suðurjaðri túnsins og sjá má dæld fyrir miðri mynd, sem gæti mögulega verið þar sem vatnsleiðslan liggur.

Belgsdalur DA-187:021 mannabeinafundur

Árið 1927 fundust mannsbein er grafið var fyrir vatnsleiðslu í Belgsdal. Í Kuml og haugfé segir: "Beinafundur í Belgsdal, Saurbæ: Mannsbeinagrind fannst 0,65 m undir yfirborði, í gömlum sjávarkampi í Belgsdal. Hún lá á bakinu með kreppta fætur, höfuð vissi í vestur, fætur í austur. Allmikið stórgrýti var kringum beinin og ofan á þeim. Umhverfis þau er sagt að hafi verið grjóthringur einsettur, um 4-5 m í þvm., en gamall öskuhaugur olli því að ekki varð séð hvort hann náði allt í kring um hana“. Í safnaukaskrá Þjóðminjasafns kemur fram beinin hafi fundist í túni skammt suður frá bænum, þar sem um 10 árum áður höfðu tóftir og öskuhaugur verið sléttuð út. Nákvæma staðsetningu vantar, en samkvæmt fyrirbyggjandi vísbendingum var gröfin suður á túninu, á þeirri leið sem vatnsleiðslan lá. Líklegt er að fundurinn hafi verið sunnan við túnið eins og það er sýnt á herforingjaráðskorti frá 1913. Vegurinn um Sælingsdalsheiði lá norður Hvammsdal og austan megin við túnið í Belgsdal. Nærri suðausturhorni túnsins er uppþornaður lækur, má vera að hann hafi verið uppsprettan sem vatni var veitt úr 1927.

Heimildir: . Þjms. 10162, Safnaukaskrá 25.1.1928; Kristján Eldjárn, Fornleifar úr íslenskum gröfum í heiðnum sið. Ópr. meistaraþrófsritgerð, Reykjavík, 1943, bls. 45; KEAF 2000, 109.

Bessatunga DA-189:007 Bersareitur

Í túninu á Bessatungu eru tveir staðir sem sagnir benda til að hafi verið legstaðir. Reyndar standast þessar sagnir á, því ýmist er talið að Hólmögöngu-Bessi hafi verið heygður í Bersareit eða á Goðhól.

Í örnefnalýsingu segir: "Beint í vestur frá bænum, neðst í túninu, er í snarbrattri brekku Bessareitur; það á að vera leiði Bessa. Aðrir segja, að þetta heiti Blóðakur, því að þarna hafi fórnardýrum verið slátrað; enn aðrir, að þetta heiti Hofakur..." Í annarri lýsingu segir: "Neðst í túni, vestur frá bænum, er grasblettur, sem talinn er vera leiði Bersa og er kallað Bersareitur..." "Skjónuklöpp heitir neðst í túni, hæð rétt fyrir neðan Bersareit. Eysteinn [Þórðarson] segist aldrei hafa heyrt annað en að Bersi ætti að vera heygður í Bersareit, ekki í Goðhól eins og Ari segir sögn sumra," segir enn í athugasemdum við örnefnaskrá.

Um Goðhól segir: "Í útsuður frá íbúðarhúsinu er hóll, sem heitir Goðhóll. Þessi hóll er að sunnanverðu við lækinn, og vilja sumir telja, að þar sé Bessi heygður. Á Goðhól er hoftóft; er það talið vera leifar heimilishofs Bessa." Kristian Kaalund, Sigurði Vigfússyni og Brynjúlfi Jónssyni var einnig bent á meinta hoftóft á Goðhól.

Bæði reiturinn og hóllinn eru enn í túni vestan við bæinn í Bessatungu. Ekki er óhugsandi að meint hoftóft sé í raun forn kirkjutóft og mögulega kirkjugarðsleifar þar í kring.

Heimildir: Ö-Bessatunga a, 1; Ö-Bessatunga b, 1; Ö-Bessatunga ath. og viðb.,1; bls. 123. ísl.sögust, II. Kaalund, Sigurður Vigfússon (1882, 67), Brynjúlfur Jónsson (1897, 15-16).

Neðri Brekka DA-191:007 Skiphóll

"Skammt suðvestur frá bænum er hóll, sem heitir Skiphóll; líkist hann skipi á hvolfi með flötum botni. Munnmæli herma, að þar hafi verið grafið skip og dragi hóllinn þar af nafn sitt," segir í örnefnaskrá.

Hóllinn er þétt við bæjarstæði og í túni og því ólíklegt kumlstæði. Ekki er að sjá að hann sé manngerður.

Heimildir: Ö-Neðri-Brekka,1.

Máskelda DA-193:017 leiði

"Tvö leiði eru í túni," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Leiðin fundust ekki, en ólíklegt að þar hafi verið kuml þar sem þau eru sjaldnast í túni.

Heimildir: Ö-Máskelda ath. og viðb.,2.

Efri Brunná DA-194:009 Feðgagjóta

"Utan í [Langahjalla], rétt syðst, eru klettastrýtur og hólar, og heita þeir Standar, og eru landamerki Efri-Brunnár og Máskeldu um þá. Rétt fyrir ofan fjallsræturnar, einnig á

landamerkjum, er lítil laut, sem heitir Feðgagjóta. Til er gömul sögn um Feðgagjótu, og sé nafnið þannig til komið, að eitt sinn hafi á Efri-Brunná og Máskeldu búið feðgar tveir; deildu þeir um landamerkin, og lauk þeirri deilu þannig, að þeir börðust um þau, og féll annar þeirra, og á hann að hafa verið dysjaður í Feðgagjótu," segir í örnefnaskrá. Dysin fannst ekki, en hún er nærri þjóðleið og á merkjum.

Heimildir: Ö-Efri-Brunná,²

Stóra Holt **DA-197:011** *Holtatangi*

Svo segir í sóknarlýsingu frá miðri 19. öld: "Á tanga þeim sem gengur niður frá Stóraholti, sem kallaður er Holtatangi, mótar fyrir hrúgum mörgum, sem líkjast dysum eða haugum fornaldar, og er tilgetandi að þar hafi í heiðni verið almennur greptrunarstaður í byggðarlaginu."

Á Holtatanga fundust ekki leifar þeirra dysja sem nefndar eru í lýsingunni. Tanginn hefur verið ræstur fram og ræktuð þar tún. Yst á tanganum er land mjög blásið. Má vera að dysjarnar séu horfnar.

Heimildir: Dalasýsla 2003: Jón Þorleifsson, án árt., Sýslu og sóknarl., Lýsingartilraun yfir Staðarhóls- og Hvolsprestakall í Dalasýslu, bls. 167.

Kleifar **DA-199:017** *Dys*

"Niður frá túninu er Flói, niður frá honum Flóð, norður af þeim Magratunga, upp af henni Steinunnarpartur. Í Árklofum og Flóðum eru hringmyndaðir þúfnareitir: Stakkgarðar [016]. Neðst í Flóðunum, við ána, eru steinalög, sem álitíð er að sé Dys [heitir svo] Gils skeiðanefs," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Gils er sagður heygður í flæðarmálinu, og sést grjótdys sokkið í jörð neðarlega í svonefndum Flóðum, eitthvað á 2. hundrað metra frá flæðarmáli. Enda eru engjarnar alltaf að færast fram og fjörðurinn að grynnka. Nú er dys þetta rétt ofan við þjóðveginn [sennilega (036)], 3-4 metra frá veginum, aðeins norðan við brú þá, sem er á Kleifaá." Síðar í sömu skrá segir: "Neðst í Flóðunum, rétt við veginn [014], er hleðsla, sem talin er vera dys Gils skeiðarnefs, landnámsmanns að Kleifum."

Gerð var rækileg leit að steinhleðslunni án árangurs. Má vera að hún hafi horfið við vegabætur. Á Herforingjaráðskorti frá 1913 má sjá að við Kleifar voru vegamót.

Heimildir: Ö-Kleifar,¹; Ö-Kleifar ath. og viðb.,¹ og 11.

4. Kafli Niðurstöður

Markmið þessa verkefnis var að finna kuml í Saurbæ í Dölum með athugun á staðháttum og með hliðsjón af fyrirbyggjandi heimildum um dysjar, leiði, forngripa- og mannabeinafundi. Árangurinn varð sá að 14 staðir voru athugaðir.

Í héraðinu er einn þekktur kumlateigur, í landi Innri Fagradals. Á Fagradalseyri sjást þrjár grafir sem grafnar hafa verið ofan í harðan sjávarbakkann. Er það mjög líklega leifar af kumlum, sem hafa verið opnuð á ný. Ástand minjastaðarins er allgott, þ.e. ekki er sjáanleg yfirvofandi hætta, t.a.m. vegna landrofs eða uppblásturs. Vert væri að rannsaka kumlleifarnar og næsta nágrenni þeirra með uppgrefti. Í Belgsdal fannst mannsbeinagrind á fyrri hluta 20. aldar. Kristján Eldjárn gat staðarins sem mögulegs kumls í Magisterritgerð sinni um heiðinn greftrurnarsið frá 1943, en felldi út aftur við endurskoðun kumlatala síns í doktorsritgerðinni 1956. Lýsing finnanda á beinafundinum og fundarstaðnum er þó í ágætu samræmi við það sem við þekkjum um kuml og staðsetningu þeirra. Engu að síður er staðarlýsing fremur ónákvæm og þrátt fyrir mikla leit var ekki unnt að ákvarða staðinn með vissu. Hægt er þó að þrengja hringinn, leita að vatnslögn sem liggur yfir fundarstaðinn og kannað svæðið með grefti. Í túninu utan við bæ í Tjaldanesi og rétt hjá húsinu er steinn og þar á að vera legstaður manns. Á nokkrum stöðum á landinu eru þjóðsögulegar ábendingar um steina eða jafnvel björg og eiga fornmenn að liggja þar undir, t.a.m. hjá Emmubergi á Skógarströnd. Mjög oft er laust grjót ofan á kumlum, en engin dæmi eru þekkt um að stórir steinar eða björg hafi verið lögð á leiðin.

Í landi Stóra-Múla er dys, sem ekki er nefnd í fyrirbyggjandi heimildum, en kom fram við vettvangsrannsókn, í viðtölum við staðkunnuga heimildamenn.

Á svæðinu eru einnig nokkrir staðir sem hafa alloft verið nefndir í heimildum frá 18. og 19. öld sem haugar frá fornöld. Þekktastir eru Orrustuhóll og dysjar og Þingeyri, en þar fundust engar leifar við vettvangsrannsókn. Dysjar við Kleifar, í Feðgagjótu og leiði hjá Máskeldu fundust ekki heldur. Meintir haugar á Holtatanga virðast og horfnir. Dysjarnar við Bjarnastaði og Stóra-Múla eru mjög líklega náttúrulegar. Svonefndur Skiphóll er í túni Neðri-Brekku, og virðist hann náttúrulegur hóll, fast við bæjarstaðið og einungis munnmæli um meinta greftrun

í hólnum. Auk Skiphóls í túni Neðri-Brekku eru leiði og þústir í túni á Bessastöðum og hjá Máskeldu. Með hliðsjón af því sem þekkt er um staðsetningu kumla á landinu, þá heyrir það til algerra undantekninga að finna kuml í túni og mjög nærri bæjum. Af 161 stað á landinu öllu eru aðeins kumlin á Gautlöndum og Bakka sem eru í túni. Með hliðsjón af þessu er því ósennilegt að þessar þústir séu leifar kumla.

Ef leita ætti eftir kumlum í Saurbæ væri fróðlegt að ganga á þá staði þar sem gamlar leiðir liggja yfir gömul landamerki. Það er langalgengast, á landsvísu að finna kuml á slíkum stöðum. Uppgröftur á kumlateignum í Innra-Fagradal gæti bætt við þekkingu okkar um staðinn og jafnvel leitt í ljós fleiri en þær 3 grafir sem nú eru sjáanlegar. Beinafundurinn í Belgsdal 1927 var aldrei kannaður og má vera að þar leynist fleiri grafir.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

Adolf Friðriksson, dagbækur 2007

Ísleif, gagnasafn um íslenskar fornleifar

Örnefnastofnun

Örnefnaskrá: Belgsdalur

Örnefnaskrá: Bessatunga

Örnefnaskrá: Bjarnastaðir

Örnefnaskrá: Efri-Brunná

Örnefnaskrá: Fagridalur innri

Örnefnaskrá: Kleifar

Örnefnaskrá: Litli-Múli

Örnefnaskrá: Máskelda

Örnefnaskrá: Neðri-Brekka

Örnefnaskrá: Stóri-Múli

Örnefnaskrá: Stóra Holt

Örnefnaskrá: Tjaldanes

Örnefnaskrá: Þurraness

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson (2004), Haugar og heiðni: minjar un íslenskt járnaldarsamfélag. *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Rv., s. 56-63.

Adolf Friðriksson (2004), The Topography of Iron-age Burials in Iceland. *Current issues in Nordic Archaeology. The Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists, 6-9 September 2001, Akureyri, Iceland*. Rv. s. 15-16.

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Thomas H. McGovern & Colleen A. Batey (2005) *Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu*, Rv.

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (2005) *Kuml á Daðastaðaleiti, hjá Lyngbrekku í Reykjadal*, Fsí, FS272-03265, Rv.

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (2005) *Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004*, Fsí, FS271-03264, Rv.

Brynjúlfur Jónsson (1897) Hoftóft o.fl. í Bessatungu, Árbók hins íslenska fornleifafélags, s. 15-16.

Dalasysla. Sýslu- og Sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855. Einar G. Pétursson sá um útg, Rv. 2003.

FF: Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823 (1983). Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Rv., Stofnun Árna Magnússonar.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar (1990) Ágúst Ó. Georgsson gaf út, Rv., Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn.

Gull-Þóris saga... Íslensk fornrit XIII, / Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út (Formáli: Þórhallur Vilmundarson: s. v-ccxxviii), Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag, 1991.

Íslenskt fornbréfasafn - Diplomatarium Islandicum I-XVI, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1853-1976.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI. Dala- og Barðastrandarsýsla (Kaupmannahöfn, 1938).

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af

J. Johnsen (Kaupmannahöfn, 1847).

Jón Guðnason (1961-1966) *Dalamenn I-III*, Rv.

Kristján Eldjárn (1974), Fornþjóð og minjar. *Saga Íslands I*, Rv, s. 99-152.

Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson (2000) *Kuml og haugfé*. Reykjavík, Mál og menning

Kálund, P. E. K. (1984-1986). *Íslenskir sögustaðir I-IV*. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Landnámabók, Íslenszk fornrit, I, Jakob Benediktsson gaf út, Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag, 1968.

Ormur Daðason: „Jarðabók yfir Dalasýslu, samantekin 1731.“ *Saga 5* (1965-1967), bls. 136-296.

Ólafur Lárusson(1924-1925) „Elsta óðal á Íslandi.“ *Iðunn 9*, bls. 225-240.

Sigurður Vigfússon (1882). "Rannsókn í Breiðafjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881." *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*: 60-105.

Sigurður Vigfússon (1893). "Rannsóknir í Breiðafirði 1889." *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*: 1-23.

Sýslulýsingar 1744-1749. Sögufélag gaf út (Reykjavík, 1957).

Þorleifur Jónsson, „Örnefni nokkur í Breiðarfjarðar-dölum, úr Laxdælu, Landnámu, Sturlúngu, Grettis sögu, Fóstbræðra sögu og Kórmaks sögu“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*, II, 1876, 558-577.

Þorsteinn Þorsteinsson (1947) „Dalasýsla.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1947*, bls. 11-111.